

Alþingi
Erindi nr. P 132/733
komudagur 1.2.2006



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 30. janúar 2006

Efni: Umsögn um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að fallið verði frá sérstakri úthlutun 3000 lesta af þorski til ákveðinna skipa, en hlutdeild þeirra í þorskaflanum verði aukin að sama skapi þannig að veiðirétturinn haldist óbreyttur m.v. óbreytta heildarúthlutun af þorski.

Gert er ráð fyrir því að þessi nýbreytni verði fyrst tekin upp frá og með upphafi fiskveiðiársins 2005/2006. Tillagan staðfestir að þessum 3000 tonna viðbótar veiðirétti af þorski hefur á liðnum árum verið úthlutað til sömu skipanna í sömu hlutföllum. Breytingin virðist því eingöngu felast í formbreytingu en ekki í efnisbreytingu. Í ljósi þessa hefur Vélstjórafélag Íslands ekki fram að færa athugasemdir

Virðingarfyllst,
f.h. Vélstjórafélags Íslands,

Heigi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!